

**FUNDARGERÐ HLUTHAFAFUNDAR
ARION BANKA HF.**

Hluthafafundur Arion banka hf. var haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík þann 5. september 2018 og hófst fundurinn kl. 16:00.

1. Setning fundar

Fundurinn hófst með því að Eva Cederbalk bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Tók hún fram að fundurinn yrði haldinn á íslensku, að innleggi hennar slepptu, sem yrði á ensku. Hún lagði því næst til að Ólafur Haraldsson hrl. yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Tók Ólafur þá við fundarstjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði því næst til að Þóra M. Hjaltested, lögmaður í lögfræðiráðgjöf Arion banka hf., yrði kjörin fundarritari og var sú tillaga samþykkt. Tók fundarritari þá þegar við fundarritun.


Fundarstjóri upplýsti að 68 hluthafar eða fulltrúar þeirra væru mættir á fundinn. Þá færir fundarstjóri með atkvæði fyrir 12 eigendur SDR heimildarskirteina í bankanum, sem skráð væru hjá Euroclear í Svíþjóð. Loks hefði einn hluthafi bankans greitt atkvæði með rafrænum hætti. Samanlagt færir fyrrgreindir hluthafar með 1.243.082.009 hluti eða 68,5% hlutafjár í Arion banka hf.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Tók hann fram að boðun fundarins hefði verið með nægilegum fyrirvara í samræmi við ákvæði 88. gr. a. laga um hlutafélög og ákvæði samþykktu bankans. Fundarboð hefði verið birt á heimasíðu bankans sem og í upplýsingakerfi Nasdaq Iceland og Sweden þann 14. ágúst 2018. Þá hefði boðun til fundarins einnig verið birt í dagblaði hinn 15. ágúst 2018. Tillögur sem væru til umfjöllunar á fundinum ásamt skýringum við þær hefðu verið birtar á á vefsíðu bankans, auk þess sem þær hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Enginn hreyfði við andmælum og lýsti fundarstjóri fundinn því lögmætan.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá og tillögur:

- 1. Tillaga um arðgreiðslu til hlutahafa bankans**
- 2. Breyting á stjórn bankans**
Kosning eins nýs stjórnarmanns sem starfi fram að næsta aðalfundi bankans
- 3. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd**
- 4. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd**
- 5. Tillaga um breytingar á samþykktum**
 - a. Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða í samþykktum Arion banka hf. sem felur í sér undanþágu frá ákvæðum samþykktu um boðunarfrest til hluthafafunda, verði fellt brott í heild sinni. Samkvæmt ákvæðinu skyldi það falla niður þegar hlutabréf Arion banka hf. yrðu tekin til viðskipta hjá Nasdaq Iceland.
 - b. Þá er lagt til að viðauki nr. 1 við samþykktir Arion banka hf. verði felldur brott í heild sinni. Viðauki þessi fjallar um heimild til kaupa á eigin bréfum sem veitt var á hluthafafundi 12. febrúar 2018. Heimild þessi var nýtt í febrúar 2018.
- 6. Önnur mál**



2. Tillaga um arðgreiðslu til hluthafa bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar bankans um að greiddur yrði út arður til hluthafa bankans að fjárhæð kr. 10.000.000.000,00. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að í greinargerð stjórnar með þessari tillögu kæmi fram að á aðalfundi Arion banka hf. 2018 hefðu hluthafar samþykkt að enginn arður yrði greiddur að svo stöddu en fram hefði komið að stjórn bankans hefði heimild til að boða til aukahluthafafundar og leggja fram tillögu um arðgreiðslu eða aðra ráðstöfun hlutafjár, fram að aðalfundi bankans 2019. Almennt hlutfall eiginfjárpáttar 1 bankans hefði verið 23,1% þann 30. júní 2018. Arðgreiðsla að fjárhæð kr. 10.000.000.000,00 myndi lækka það hlutfall niður í 21,8% sem væri vel yfir eiginfjárkrfum bankans.

Bar fundarstjóri því næst upp eftirfarandi tillögu til samþykktar:

Stjórn bankans leggur til að greiddur verði arður til hluthafa bankans sem nemur kr. 10.000.000.000,00. Arðgreiðslan mun jafngilda 5 krónum á hvern hlut.

Ef tillaga um arðgreiðslu verður samþykkt verður arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs, 6. september 2018.

Arðsréttindadagur (e. record date) verður 7. september 2018. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs.

Útborgunardagur (e. payment date) verður 28. september 2018.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna.

Var tillagan samþykkt einróma.

3. Breyting á stjórn bankans

Fundarstjóri vék því næst að dagskrálið 2 er varðaði breytingu á stjórn bankans. Gerði fundarstjóri hluthöfum grein fyrir því að stjórn bankans hefði ákveðið að kosning eins nýs stjórnarmanns skyldi fara fram á hluthafafundinum. Nýr stjórnarmaður skyldi starfa fram að næsta aðalfundi bankans í stað stjórnarmanns, sem látið hafði af störfum áður en kjörtímabili hans lauk, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Fundarstjóri gerði hluthöfum grein fyrir því að einn frambjóðandi væri til stjórnar bankans en hann væri Benedikt Gíslason, kt. 280374-4269.

Fundarstjóri tók fram að upplýsingar um frambjóðandann, sem veita ber samkvæmt 63. gr. a laga um hlutafélög, þ.e. nafn, kt., heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu auk upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaðila og samkeppnisaðila félagsins hefðu verið birtar á vef bankans, auk þess sem þessar upplýsingar hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans. Þá hefði stjórn lagt mat á óhæði frambjóðandans eins og kveðið væri á um í starfsreglum stjórnar og hafi hluthöfum verið kynnt það mat.

1. Ól. b/wA

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til stjórnar félagsins hefðu ekki komið fram væri Benedikt Gíslason rétt kjörinn í aðalstjórn félagsins fram að næsta aðalfundi.

Í aðalstjórn Arion banka sitja því nú:

- Brynjólfur Bjarnason, kt. 180746-3909
- Eva Cederbalk, kt. 310752-3049
- Herdís Dröfn Fjeldsted, kt. 210971-4329
- Måns Höglund, kt. 240551-2259
- Steinunn Kristín Þórðardóttir, kt. 090472-4379
- Benedikt Gíslason, kt. 280374-4269

4. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Fundarstjóri gerði hluthöfum grein fyrir því að samkvæmt dagskrálið 3 stæði til að kjósa two nefndarmenn í tilnefningarnefnd á hluthafafundinum. Útskýrði fundarstjóri að samkvæmt samþykktum bankans og starfsreglum tilnefningarnefndar skyldi gefa hluthöfum bankans kost á að kjósa two af þeim nefndarmönnum í tilnefningarnefnd. Þriðji nefndarmaðurinn skyldi vera formaður stjórnar bankans eða annar stjórnarmaður sem skipaður yrði af stjórn bankans.

Fundarstjóri kynnti hluthöfum því næst nöfn frambjóðenda og voru þeir eftirtaldir:

- Christopher Felix Johannes Guth, fæddur árið 1979
- Keith Magliana, fæddur árið 1974
- Þórður S. Óskarsson, kt. 241150-4299

Í máli fundarstjóra kom fram að upplýsingar um frambjóðendur, nafn, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, stjórnarstörf, menntun, reynslu auch upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaðila og samkeppnisaðila bankans hefðu verið birtar á vef bankans, auch þess sem þessar upplýsingar hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans. Þá hefði stjórn lagt mat á óhæði frambjóðenda og hefði niðurstaða þess mats verið birt á heimasíðu bankans.

Fundarstjóri tók fram að þar sem þrír aðilar hefðu gefið kost á sér í tilnefningarnefnd en aðeins tvö sæti væru í boði yrði skrifleg atkvæðagreiðsla að fara fram. Í starfsreglum tilnefningarnefndar væri kveðið á um að sömu reglur skyldu gilda um kjör nefndarmanna í tilnefningarnefnd og gilda um kjör stjórnarmanna eftir því sem við gæti átt.

Í samþykktum bankans kæmi fram að kosning stjórnarmanna skyldi fara fram sem meirihlutakosning nema stjórn bankans hefði borist krafa um að atkvæðagreiðsla skyldi fara fram með öðrum hætti eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf þess hluthafafundar þar sem kjósa skal stjórn.

Þar sem krafa hefði ekki komið fram innan tilskilins frests skyldi atkvæðagreiðsla framkvæmd sem meirihlutakosning á milli frambjóðenda.

Fundarstjóri bað hluthafa því næst um að merkja við nöfn þeirra tveggja frambjóðenda sem þeir vildu greiða atkvæði sitt.

Að talningu lokinni gerði fundarstjóri grein fyrir niðurstöðu hinnar skriflegu atkvæðagreiðslu, sem var svohljóðandi:

- Christopher Felix Johannes Gut fékk 829.300.685 atkvæði.
- Keith Magliana fékk 852.249.968 atkvæði.
- Þórður S. Óskarsson fékk 44.872.326 atkvæði.

Christopher Felix Johannes Gut og Keith Magliana voru því réttilega kjörnir nefndarmenn í tilnefningarnefnd.

5. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga stjórnar um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Í starfsreglum tilnefningarnefndar væri gert ráð fyrir því að aðalfundur skyldi ákveða þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar. Þar sem tilnefningarnefnd hefði ekki verið sett á stofn þegar aðalfundur bankans fór fram í mars 2018 hafi ekki verið tekin ákvörðun um þóknun nefndarmanna þar.

Bar fundarstjóri því næst eftirfarandi tillögu fram:

Lagt er til að nefndarmenn í tilnefningarnefnd, þ.á m. formaður nefndarinnar, fái kr. 150.000 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 150.000 á mánuði ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði og að hámarki kr. 900.000 á hverju almanaksári.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að atkvæði sem greitt var rafrænt hefði kosið gegn tillögunni.

Var tillagan samþykkt með meirihluta atkvæða.

6. Tillaga um breytingar á samþykktum

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum bankans.

Í fyrsta lagi væri um að ræða tillögu þess efnis að ákvæði til bráðabirgða í samþykktum bankans yrði fellt brott í heild sinni úr samþykktum. Fundarstjóri gerði hluthöfum grein fyrir því að ákvæði til bráðabirgða fjallaði um undanþágu frá tilteknum ákvæðum samþykktanna um boðun hluthafafunda og að það hefði fallið úr gildi þegar hlutabréf bankans voru tekin til viðskipta hjá Nasdaq á Íslandi. Af þeim sökum væri lagt til að ákvæðið yrði fellt úr samþykktum bankans.

Fundarstjóri bar því næst eftirfarandi tillögu til samþykktar:

Lagt er til að nágildandi ákvæði til bráðabirgða í samþykktum bankans verði fellt brott í heild sinni úr samþykktum.

Not Draft

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna.

Var tillagan samþykkt einróma.

Í öðru lagi væri um að tillögu þess efnis að nágildandi viðauki nr. 1 við samþykktir bankans yrði felldur brott í heild sinni úr samþykktum bankans. Fundarstjóri útskýrði fyrir hluthöfum að viðauki nr. 1 hefði falið í sér heimild til kaupa á eigin bréfum sem veitt hafi verið á hluthafafundi þann 12. febrúar 2018. Heimildin hafi síðan verið nýtt í febrúar 2018.

Fundarstjóri bar því næst eftirfarandi tillögu til samþykktar:

Lagt er til að viðauki nr. 1 við samþykktir bankans verði felldur brott í heild sinni úr samþykktum bankans.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna.

Var tillagan samþykkt einróma.


7. Önnur mál


Fundarstjóri spurði hvort hluthafar kysu að bera upp önnur mál. Svo var ekki.

Að því loknu óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til þess að ganga frá fundargerð að fundi loknum og var það samþykkt. Einnig var samþykkt að fundargerð skyldi ekki lesin upphátt í fundarlok í samræmi við 5. mgr. 90. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og grein 11.9 í samþykktum bankans, heldur hjá fundarritara fyrir þá sem þess óskuðu.

Þá upplýsti fundarstjóri hluthafa um að fundargerð ásamt enskri þýðingu hennar skyldi vera aðgengileg hluthöfum á heimasíðu bankans www.arionbanki.is/gm sem og í höfuðstöðvum bankans í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafundinn.

Fleira var ekki gert og sagði fundarstjóri fundi slitið kl. 16:57.


Póra M. Hjaltested,
Fundarritari


Ólafur Haraldsson, hrl.
Fundarstjóri